

## REGLUR

### um M.Paed.-nám í kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Við guðfræðideild er unnt að stunda nám til M.Paed.-prófs í kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum. Markmið námsins er að veita nemendum hagnýta og fræðilega þjálfun sem býr þá m.a. undir að sinna kennslu í kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum á grunn- eða framhaldsskólastigi.

#### 2. gr.

##### *Einingafjöldi og tímalengd náms.*

Til M.Paed.-prófs í kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum er að jafnaði krafist minnst 45 námseininga að loknu B.A.-prófi. Nemendur sem lokið hafa B.Ed.-prófi taka allt að 60e í kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum, en geta fengið fyrra nám í þessum greinum metið. Náminu má ljúka á hálfu öðru til tveimur árum, en að jafnaði skal það ekki taka lengri tíma en þrjú ár (sex misseri). Ljúki nemandi ekki námi á sex misserum, getur hann sótt um undanþágu frá þessum tímamörkum. Sé undanþága veitt, ber nemanda að uppfylla þær kröfur sem þá eru í gildi um M.Paed.-nám þótt hann hafi hafið námið þegar aðrar reglur giltu.

#### 3. gr.

##### *Inntökuskilyrði.*

Stúdent sem lokið hefur B.A.-prófi í guðfræði sem aðalgrein getur sótt um að innritast í M.Paed.-nám.

Stúdent sem hefur lokið B.A.-prófi í guðfræði eða öðru samsvarandi prófi frá öðrum háskóla getur sótt um aðgang að M.Paed.-námi í guðfræðideild.

Stúdent sem kemur úr annarri grein en guðfræði getur sótt um inntöku í M.Paed.-nám sé hann fær um að stunda nám á íslensku. Þá er metið í hverju tilviki hvaða frekari skilyrði hann þarf að uppfylla. Við það mat skal beita tveimur viðmiðunarreglum:

- a) umsækjandi þarf að hafa lokið guðfræði eða almennum trúarbragðafræðum sem aukagrein eða námi sem jafngildir því;
- b) umsækjandi þarf að hafa lokið sérnámi sem býr hann undir fyrirhugað M.Paed.-nám, til dæmis B.Ed.-prófi.

Guðfræðideild tekur ekki endanlega afstöðu til inntöku slíks nemenda í M.Paed.-námið fyrir en hann hefur uppfyllt þessi skilyrði.

Ef stúdent ætlar að hefja M.Paed.-nám strax að loknu B.A.-prófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting viðkomandi háskóladeildar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en framhaldsnámið hefst. En M.Paed.-nám getur enginn hafið fyrir en inntökuskilyrðum hefur verið fullnægt til hlítar.

## 4. gr.

*Meðferð umsókna.*

Umsóknum skal skilað til skrifstofu guðfræðideildar. Umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum. Skrifstofa guðfræðideildar fer yfir umsóknir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja, gengur eftir því sem á vantar, ef því er að skipta, og skráir umsóknirnar.

Rannsóknarnámsnefnd fjallar um umsóknirnar og sendir þær til deildarfundar til afgreiðslu, með athugasemdum ef ástæða þykir til, og leitar eftir ábendingum um umsjónarkennara. Hafni deildarfundur umsókn skal rökstuðningur fylgja afgreiðslu.

## 5. gr.

*Umsóknarfrestur.*

M.Paed.-nám hefst á haustmíssi og er umsóknarfrestur til 15. mars. Afgreiðsla umsókna skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. apríl. Skrifstofa guðfræðideildar varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn umsækjanda og tilkynnir Nemendaskrá um afgreiðsluna.

## 6. gr.

*Kröfur til umsjónarkennara og aðalleiðbeinanda.*

Umsjónarkennari M.Paed.-náms skal m.a. leiðbeina stúdent um val á námskeiðum og verkefnum. Leiðbeinandi við lokaverkefni skal vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi sviði.

## 7. gr.

*Prófsnefnd.*

Prófsnefnd um lokaverkefni skal auk leiðbeinanda skipuð tveimur sérfróðum mönnum og er annar þeirra umsjónarmaður M.Paed.-náms. Deildarfundur tilnefnir hinn fulltrúann í prófsnefndina. Nemandinn hittir prófsnefnd sína reglulega og gerir henni grein fyrir framvindu lokaverkefnis.

## 8. gr.

*Samsetning náms.*

Til M.Paed.-prófs í kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum er krafist minnst 30e í námskeiðum. Af þeim eru 15e kennsluréttindanám í félagsvísindadeild, 5e eru kennslufræði kristinna fræða og almennra trúarbragðafræða og 10e eru valnámskeið í guðfræðideild með viðauka er tengist kennslufræði.

Nemendur sem hafa lokið B.Ed.-prófi taka ekki 15e kennsluréttindanám heldur 60e í guðfræði og trúarbragðafræði (kjarni BA náms, 31e og 29e í frjálsum vali).

## 9. gr.

*M.Paed. -verkefni 15 einingar.*

Lengd og umfang þess fer eftir eðli verkefnisins, en skal vera sem næst 60 bls.

Lokaverkefnið skal vera tengt kennslu í kristinfræði, siðfræði eða almennum trúarbragðafræðum á grunn- eða framhaldsskólastigi. Æskilegt er að nemandi fái tækifæri til að kynna rannsóknaverkefni sitt á vegum deildar áður en hann lýkur námi.

10. gr.

*Námsmat.*

Um leið og verkefni er lagt fram skal leggja fram til mats prófsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents. Skrifstofa guðfræðideildar og nemendaskrá sjá um frágang og staðfestingu námsferilsyfirlits.

Prófsnefnd metur hvort verkefnið uppfylli gerðar kröfur.

11. gr.

*Lokafrágangur M.Paed.-verkefnis og endanleg skil.*

Ganga skal frá lokaverkefni í samræmi við viðurkenndar frágangsreglur guðfræðideildar (Handbók guðfræðideildar). Í lokaverkefni M.Paed.-náms skal koma skýrt fram við hvaða deild Háskóla Íslands verkið er unnið, hvenær því var lokið, hver var aðalleiðbeinandi og hverjir voru í prófsnefnd. Nemandi skal skila verkefninu fullfrágengnu í fjórum eintökum til guðfræðideildar. Skiladagar verkefna eru 15. ágúst, 1. desember og 15. apríl. Umsjónarkennari skilar einkunn á skrifstofu guðfræðideildar fyrir 7. október, 14. janúar eða 1. júní.

Eitt eintak skal varðveitt hjá guðfræðideild og tvö eintök á Háskólabókasafni.

12. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í guðfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 24. mars 2006.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Þórður Kristinsson.*